

Ár 1976, þriðjudaginn 14. desember, var kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd í málinu nr. 6/1976 svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með afsali, útg. 18. janúar 1975, keypti Sævar Berg Guðbergsson, Kleppsvegi 104, Reykjavík, húseignina Borgarheiði 10, t.h., Hveragerði. Húseign þessi, sem er parhús, var seld í fokheldu ástandi og því jafnframt lofað af seljanda, að ljúka fragangi utanhúss fyrir 1. ágúst 1975.

Frá þessum tíma hefir íbúðin verið í byggingu. Hita- og raflögn var tekin inn í íbúðina haustið 1975. Í bréfi, sem Sævar Berg Guðbergsson hefir skrifað Yfirfasteignamatsnefnd, dags. 18. október 1976, kveður hann íbúðina nú tilbúna undir tréverk.

Í júnímánuði 1976 barst Sævari Berg tilkynning frá Hveragerðishreppi um gjaldfallin fasteignagjöld, er numið hafi hinn 23. júní kr. 35.653,00 með dráttarvöxtum. Sævar Berg Guðbergsson kvartaði undan álagningu þessari við hreppsnefnd Hveragerðis-hrepps, bæði munnlega og bréflega hinn 13. ágúst 1976, þar sem hann fer fram á endurskoðun á hinum álögðu fasteignagjöldum og áföllnum dráttarvöxtum, enda hafi íbúðin ekki verið íbúðarhæf, er gjöldin voru lögð á. Hinn 9. september 1976 ritar lögmaður Hveragerðishrepps Sævari Berg bréf, þar sem honum er tilkynnt, að hreppsnefndin hafi ekki fallist á að endurskoða hinn álagða fasteignaskatt og er Sævar Berg krafinn um greiðslu hans hið fyrsta.

Sævar Berg Guðbergsson hefir eigi viljað una þessum mála- lokum og kært mál þetta til Yfirfasteignamatsnefndarinnar með bréfi, dags. 18. október 1976, ásamt 8 fylgiskjölum. Gerir Sævar Berg þá kröfu, að ákvörðun hreppsnefndar Hveragerðishrepps um álagningu fasteignagjalda á íbúð hans að Borgarheiði 10, t.h., Hveragerði, verði gerð ógild, og fasteignagjöld fyrir árið 1976 felld niður, enda telur hann þau ranglega álögð, þar sem húsið hafi eigi verið íbúðarhæft, er það var gert.

Samkvæmt l. tl. 21. gr. laga um fasteignamat og fasteigna- skráningu, nr. 28, 29. apríl 1963, á fasteignamat á nýjum húsum að fara fram, þegar hús er fullgert.

Það er nægilega í ljós leitt af gögnum málsins, að húsið var ekki fullgert, þegar fasteignamat (millimat 20/11. 1975) fór fram á því, og átti því ekki að taka það til mats skv. tilvitnuðu lagaákvæði.


Að svo vöxnu máli, brestur lagagrundvöll til heimtu hins álagða fasteignaskatts, sbr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8, 22. marz 1972. Álagning þessi er því ólögleg og ber að fella hana úr gildi.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Álagning sveitarstjórnar Hveragerðishrepps á fasteignaskatti vegna húseignarinnar Borgarheiði 10, til hægri, Hveragerði, fyrir árið 1976, er felld úr gildi.



Torfi Asgeirsson


Magnús Thoroddsen


Pétur Stefánsson